

Dags. 29.september 2022

Svör við fyrirspurn Viðreisnar um framkvæmd og stöðu barnaverndarmála í Garðabæ

1. Hvaða úrræði hefur Fjölskyldusvið/barnavernd til þess að vista börn utan heimilis kynforeldra sinna, til dæmis neyðarvistun og fósturráðstafanir einhvers konar?

Vistunarúrræði sem barnaverndarþjónusta Garðabæjar hefur aðgengi að er fjórþætt og ræðst af eðli vistunar. Barna- og fjölskyldustofa annast úrræði fyrir barnaverndarþjónustur í ákveðnum tilvikum:

- a. Neyðarvistun Stuðla - bráðaúrræði fyrir börn á aldrinum 12- 18 ára, hámarks vistunartími 14 sólarhringar.
 - b. Tímabundnar- og varanlegar fósturvistanir og styrkt fóstur
 - i. Barnaverndarþjónusta sækir um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu, fyrir tiltekið barn.
 - c. Meðferðarheimili á vegum ríkisins
 - d. Heimili og önnur úrræði á ábyrgð sveitarfélaga
 - i. Barnaverndarþjónusta Garðabæjar hefur haft tvö tiltæk vistheimili til að taka á móti allt að fjórum börnum í neyð á árunum 2020-2022.
 1. Annað þeirra heimila datt út vegna veikinda þjónustuaðila
 2. Á hinu heimilinu eru nú þegar vistuð tvö börn
 3. Það er því ekkert tiltækt vistunarheimili á vegum Garðabæjar í dag sem getur tekið brátt við börnum í neyðartilvikum.
2. Hversu mörg börn hafa frá upphafi árs 2020 verið vistuð utan heimilis kynforeldra sinna í Garðabæ og hvernig skiptist þessi vistun milli þeirra úrræða sem Fjölskyldusvið hefur úr að ráða? Hvernig skiptast þau á milli ára?

Fjöldi barna sem vistast utan heimilis 2020- 2022			
Úrræði	2020	2021	2022
Neyðarvistun Stuðla	1	3	0
Fósturvistanir/ styrkt fóstur	4	3	2
Meðferðarheimili á vegum ríkisins	0	1	0
Heimili á ábyrgð sveitarfélagsins	4	18	2

Tafla 1 Fjöldi barna sem vistast utan heimilis 2020-2022

	2020	2021	2022- ágúst
Fjöldi bv- tilkynninga	504	483	270
Fjöldi mála til vinnslu	226	250	111
Úrskurðað um vistun barns utan heimilis án samþykkis foreldra	1	0	2

Tafla 2 Fjöldatölur 2020-ágúst 2022

3. Hversu oft frá upphafi árs 2020 hefur ekki tekist samvinna kynforeldra um gerð eða framkvæmd stuðningsaðgerða skv. 5. grein um hlutverk Fjölskylduráðs Garðabæjar varðandi meðferð mála er undir barnaverndarnefnd heyra og umboð til starfsmanna?

Ef ekki næst samvinna við forsjáraðila um beitingu stuðningsúrræða, þarf barnaverndarþjónusta að taka afstöðu til þess hvort leggja þurfi fram einhliða áætlun um beitingu úrræða. Í þeim tilvikum sem ekki næst samvinna við foreldra um úrræði utan heimilis, á borð við vistun, kemur til kasta barnaverndarnefndar/umdæmisráðs að úrskurða á grundvelli framlagðrar einhliða áætlunar.

- Úrskurðir í þeim málum sem ekki hefur náðst samvinna við forsjáraðila, eru tilgreindir í töflu 2.
 - Í öðrum málum hefur náðst samvinna um beitingu stuðningsúrræða til handa börnum og fjölskyldum þeirra, jafnvel þrátt fyrir að slík úrræði hafi þýtt að börnin hafi þurft að vistast utan heimilis.
 - Frá árinu 2020 hefur starfsmannafjöldi í barnavernd verið hæfilegur og hæfni starfsmanna góð. Slík staða stuðlar að faglegri vinnubrögðum og eykur líkur á að samvinna náist við aðila um meðferð mála til samræmis við kröfur barnaverndarlaga, laga um samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og Barnasáttmálans.
 - Í 4. gr. bvl. 80/2002 um meginreglur barnaverndarstarfs er kveðið á um að barnaverndaryfirvöld skuli leitast við að hafa góða samvinnu við börn og foreldra þeirra og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu. Þetta er kjarninn í aðkomu barnaverndarþjónustu Garðabæjar að málefnum barna og fjölskyldna og af þeim sökum, hefur samvinna við börn og forsjáraðila verið í meirihluta þeirra mála sem þjónustan kemur að.
4. Reglur um hlutverk Fjölskylduráðs Garðabæjar, meðferð mála og umboð til starfsmanna eru frá árinu 2003 og eru elstu reglur barnaverndar á landinu öllu. Frá þessum tíma hafa lög um barnavernd tekið miklum breytingum. Hvaða greinar í þessum reglum hafa misst gildi sitt nú þegar eða vísa á ranga staði í lögum eða reglugerðum?

Með lögum nr. 107/2021, sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 2021, var gerð breyting á þeim ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 er vörðuðu stjórnslu barnaverndar og stofnanir félagsmálaráðuneytisins sem koma að barnavernd ásamt því að ákvæði laganna voru samræmd frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem urðu að lögum nr. 86/2021. Meðal þeirra breytinga sem fólust í lögum nr. 107/2021 var að leggja skuli niður pólitískt skipaðar barnaverndarnefndir og koma á fót sérstökum og sjálfstæðum fjölskipuðum

stjórnsýslueiningum, þ.e. umdæmisráðum, sem fara skuli með úrskurðarvald í tilteknum íþyngjandi ákvörðunum á grundvelli barnaverndarlaga. Breytingin átti upphaflega að taka gildi 28. maí 2022 en var síðar frestað til 1. janúar 2023. Nú þegar hefur verið hafin vinna við endurskoðun á reglum um hlutverk fjölskylduráðs Garðabæjar frá 2003 þar sem m.a. er litið til laga nr. 107/2021. Frá og með 1. janúar sl. hafa tilvísanir reglnanna til barnaverndarlaga því ekki endurspeglad nýjustu breytingar á lögunum. Efnislega eru ákvæði reglnanna þó enn í gildi og eru í takt við fyrirkomulag barnaverndarþjónustu og úrskurðarvalds á grundvelli barnaverndarlaga fram til 31. desember 2022.

- a. Frá og með 1. janúar 2023 mun umdæmisráð taka eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði, í stað barnaverndarnefndar:
 1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
 2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
 3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
 4. Heimild barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu, sbr. 29. gr.
 5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81 gr.

5. Hvaða greinar í núverandi reglum fjölskylduráðs um hlutverk, meðferð mála og umboð til starfsmanna má ætla að falli úr gildi við fulla innleiðingu farsældarlaga?

Fyrirnefndar reglur verða teknar til heildarendurskoðunar og munu taka mið af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, þar sem við á.

6. Hvaða vinna hefur hafist nú þegar eða klárast til þess að uppfæra reglur Fjölskylduráðs um hlutverk, meðferð mála og umboð til starfsmanna?

Sú vinna er nú þegar hafin hjá lögfræðingi fjölskyldusviðs.

7. Hvaða verklagsreglum vinna starfsmenn barnaverndar eftir við móttöku tilkynninga og mat á alvarleikastigi þeirra? Hvenær voru þær gefnar út upphaflega? Hvenær voru þær síðast uppfærðar? Hvernig eru þessar verklagsreglur unnar og hver staðfestir þær?

Verklag starfsmanna barnaverndarþjónustu um móttöku tilkynninga og mat á alvarleikastigi þeirra er tilgreint í;

- a. barnaverndarlögum nr. 80/2002
 - i. **21. gr. Málsmeðferð vegna tilkynninga.**

Þegar barnaverndarþjónusta fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, [ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra] ²⁾ eða eigin hegðunar þess [eða að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr.], skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og **eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar**, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

- ii. Tilkynningafundir barnaverndarþjónustu eru haldnir vikulega til að mæta þessari kröfu.
- b. Handbók um vinnslu barnaverndarmála:
<https://www.bvs.is/media/handbok/Handbok-um-vinnslu-barnaverndarmala-2020-utgafa-4.pdf>
 - i. Handbókin er leiðarvísir um alla þá fjölmörgu þætti sem felast í starfi barnaverndarþjónustu, allt frá skilgreiningum hugtaka til verkferla um einstaka verkefni á borð við úrskurði.
- c. Skilgreininga- og flokkunarkerfi í barnavernd:
[Skilgreiningar- og flokkunarkerfi 2022.pdf](#)
 - i. Skilgreiningar á flokkum og hvaða hegðun telst til vanrækslu, áhættuhegðunar barns, tilfinningalegrar vanrækslu gagnvart barni, ofbeldis gagnvart barni og heilsu eða lífi ófædds barns er stefnt í hættu.

8. Hversu margar tilkynningar hefur barnavernd Garðabæjar fengið frá upphafi árs 2022?
Hvað eiga þau við um mörg börn, hvernig skiptast þau milli ára?

Fj. bvn-tilkynn.	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	Samtala
Fjöldi tilkynninga 2018	15	25	24	21	26	28	33	16	17	29	31	61	326
Fjöldi tilkynninga 2019	41	39	51	14	33	34	39	14	30	51	35	37	418
Fjöldi tilkynninga 2020	34	47	30	52	34	44	36	53	50	41	30	53	504
Fjöldi tilkynninga 2021	49	29	38	44	45	35	46	26	65	39	34	33	483
Fjöldi tilkynninga 2022	30	37	36	40	31	29	20	47					270
Fjöldi barna sem tilkynnt var um	23	25	32	36	27	25	19	33					220
Fjöldi barna	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	Samtala
Þar sem ákveðið var að hefja könnun eða opið mál:	18	19	19	31	22	10	12	16					147
Þar af nýjar kannanir	11	8	9	20	11	8	2	9					78
Könnun á grundv. annars en tilkynninga	0	0	0	0	0	0	0	0					
Ástæður tilkynninga 2022	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	Samtala
Vanræksla-heildarfjöldi	7	12	14	10	13	14	8	19					97
Líkamleg vanræksla	0	1	0	0	0	0	1	0					
Vanræksla v umsjón og eftirlit þar af foreldrar í áfengis- og fíkniefnaneyslu	5	1	7	6	5	3	2	17					46
Vanræksla varðandi nám	0	2	0	0	0	0	0	0					
Tilfinningaleg vanræksla	1	2	0	0	3	0	4	1					
Ofbeldi - heildarfjöldi	17	12	13	19	10	11	6	16					104
Tilfinningalegt ofbeldi	13	3	8	8	7	4	5	11					
Þar af - vitni að ofbeldi milli náinna aðila	8	3	5	8	4	3	3	4					38
Líkamlegt ofbeldi	3	2	4	8	2	5	1	5					
Þar af - ofbeldi af hálfu náins aðila		0	2	6	1	5	0	0					
Kynferðislegt ofbeldi	1	2	1	3	1	2	0	0					10
Þar af - KOF af hálfu náins aðila		0	0	1	0	0	0	0					
Þar af - stafrænt kynferðislegu ofbeldi		1	0	0	1	1	0	0					
Áhættuhegðun barns - heildarfj.	6	13	9	11	8	4	6	10					67
Neysla barns á vímuefnum	0	6	4	4	2	2	0	0					
Barn stefnir eigin þroska og heilsu í	2	3	0	1	0	0	3	9					
Afbrot barns	2	1	3	3	2	2	2	0					15
Barn beitir ofbeldi	2	1	0	2	2	0	1	1					9
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	0	2	2	1	2	0	0	0					
Heilsa og líf ófæddis barns í hættu	0	0	0	0	0	0	0	2					
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu:	0	0	0	0	1	1	0	0					2
Tilkynnendur	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	Samtala
Barnið sjálft	0	0	0	1	1	0	0	3					5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	1	3	1	0	0	0	1	1					7
Nágrannar	0	2	0	6	1	0	0	1					10
Aðrir í nærumhverfi barns	0	4	0	5	5	0	0	3					17
Önnur bvn (ekki flutningur máls)	1	6	1	1	0	3	0	1					13
Þjónustumiðstöð/Félagsþjónusta	0	0	0	0	0	0	1	0					1
Lögregla	15	6	12	11	12	17	14	24					111
Aðrir, hverjir	2	5	6	0	1	3	2	5					24
Skóli, sérfræðiþjónusta skóla	2	7	7	7	7	1	0	2					33
Leikskóli/gæsluforeldri	0	0	1	0	0	0	0	0					1
Íþróttir og tómstundastarf	0	0	0	0	0	0	0	0					0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	3	3	8	4	0	5	1	4					28
Foreldrar barns	5	1	0	5	4	0	1	3					19
Þar af foreldrar með forsjá	5	1	0	5	4	0	1	3					19
Þar af foreldrar ekki m forsjá	0	0	0	0	0	0	0	0					
Samtala:	29	37	36	40	31	29	20	50	0	0	0	0	288

Tafla 3- Fjöldi tilkynninga, eðli og tilkynnendur

9. Hvers konar úrræði eða handleiðslu hafa starfsmenn barnaverndar Garðabæjar úr að ráða við snemmtækan stuðning, inngrip í málum eða við annan málarekstur? Hvaða aðilar framkvæma þau úrræði (Garðabær, stofnanir, einkaaðilar)?
 - a. Starfsmönnum barnaverndarþjónustu Garðabæjar stendur til boða fagleg handleiðsla, allt að átta tímar á ári, til að stuðla að faglegri og persónulegri velferð í starfi. Barnaverndarþjónusta er þriðja stigs þjónusta og ætlað að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður, eða börnum sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð (barnaverndarlög nr. 80/2002).
 - b. Til að bregðast við margþættum þörfum barna og fjölskyldna þeirra þarf að beita viðeigandi stuðningsúrræðum sem metin eru sérstaklega við vinnslu hvers máls. Eru eftirfarandi úrræði dæmi um þau stuðningsúrræði sem barnaverndarþjónusta Garðabæjar beitir og hefur aðgengi að. Er listinn ekki tæmandi.
 - i. Stuðningsúrræði Barna- og fjölskyldustofu
 1. PMTO- sannprófað meðferðarþrógramm ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika
 2. SÓK sálfræðiþjónusta fyrir börn vegna óviðeigandi kynhegðunar
 3. Barnahús- meðferð og greining barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi
 4. MST meðferðarúrræði fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12- 18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda
 - ii. Börnum og fjölskyldum þeirra tryggð þjónusta samkvæmt öðrum lögum
 1. Í samvinnu við fræðsluvið tryggja börnum greiningu hjá sálfræðingum fræðsluviðs
 2. Hlutast um að tryggja börnum og foreldrum viðtöl hjá sálfræðingum heilsugæslustöðvar Garðabæjar
 3. Hlutast um að tryggja börnum viðeigandi heilbrigðisþjónustu
 - a. Í samstarfi við heilsugæslu Garðabæjar og/eða sérfræðilækna stuðla að þjónustu BUGL
 - iii. Önnur aðkeypt stuðningsúrræði:
 1. Fjölskyldumeðferð
 2. Listmeðferð
 3. Viðtöl hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum - valið út frá sérhæfingu þeirra
 4. Atferlisfræðingar sem meta og vinna með fjölskyldum inni á heimilum
 5. Forsjárhæfnimat
 6. Tengslamat
 7. Persónulegur ráðgjafi
 8. Stuðningsfjölskylda
 9. Tilsjón
 10. Námskeið
 - a. PMTO
 - b. KVAN

- c. Dale Carnegie
- d. Peers

10. Hvenær hafa kynningar á verkefninu Velferð barna í Garðabæ verið haldið frá upphafi árs 2020 meðal starfsmanna?

Kynningar hafa ekki verið haldnar með reglubundnum hætti undanfarin tvö ár eða frá 23.10.2020. Inntaki verkefnisins er hins vegar sífellt haldið á lofti í daglegu samstarfi barnaverndarþjónustu og stofnana bæjarins.

11. Hversu hátt hlutfall starfsmanna Garðabæjar hafa fengið upprifjun eða kynningu á frá upphafi árs 2020? Hvernig skiptist það hlutfall niður á hvert svið eða stofnanir?

Starfsmenn barnaverndarþjónustu Garðabæjar þekkja verkefnið: *Velferð barna í Garðabæ*, enda byggir það verkefni á skyldum sem tilgreindar eru í barnaverndarlögum 80/2002 sem störf barnaverndarþjónustu grundvallast á. Kjarni verkefnisins er að;

- a. tryggja að allir þeir sem starfa með börnum fái fræðslu og búi yfir þekkingu um hvernig skuli brugðist við ef grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu, ofbeldi og/eða stundi áhættuþegðun og hvernig skuli tilkynna slíkt til barnaverndarþjónustu.

12. Hversu hátt hlutfall nýrra starfsmanna frá upphafi árs 2020, hafa fengið kynningu á verkefninu Velferð barna í Garðabæ? Hvernig skiptist það hlutfall niður á hvert svið eða stofnanir?

Starfsmenn barnaverndarþjónustu Garðabæjar eru í daglegu og nánú samstarfi við starfsfólk stofnanna í Garðabæ sem sinna þjónustu við börn. Liður í daglegu starfi starfsfólks barnaverndarþjónustu er að upplýsa og leiðbeina starfsfólki stofnanna um tilkynningarskylduna, hvað skuli tilkynna og ferli tilkynninga.

a. 2020 starfsmaður barnaverndarþjónustu Garðabæjar kynnti verkefnið velferð barna í Garðabæ, ásamt starfsmanni fræðslu- og menningarsviðs fyrir starfsfólki í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

b. 2021 Kynning umsjónarfélagsráðgjafa á fundi skólastjórnenda í Garðabæ um stöðu barnaverndarþjónustu. Farið var meðal annars yfir eðli tilkynninga til barnaverndar, túlkun á *rökstuddum grun um óviðeigandi aðstæður barns eða eigin hegðun þess*.

c. 2021 Fræðsla fyrir starfsfólk Garðahrauns: Fræðsla og hagnýt ráð um hegðun barna og viðbrögð frá starfsfólki barnaverndarþjónustu Garðabæjar.

d. 2022 Endurskoðun tilkynningareyðublaðs í samvinnu við grunnskólafulltrúa fræðslu- og menningarsviðs og skólastjórnendur. Kynning umsjónarfélagsráðgjafa á fundi skólastjórnenda í Garðabæ á uppfærðu tilkynningareyðublaði.

Hildigunnur Árnadóttir umsjónarfélagsráðgjafi

